





Grettir




Smáfólk



Kalvin & Hobbes



Svínið mitt



Morgunblaðið

Dagbók

Í dag er laugardagur 28. ágúst, 241. dagur ársins 2004

Orð dagsins: Þess vegna, mínir elskuðu bræður, verið staðfastir, óbif-anlegir, síauðugir í verki Drottins. Þér vitið að erfði yðar er ekki ár-angurslaust í Drottni. (1. Kor. 15, 58.)



Kenjarnar eftir Goya

Kenjarnar | Nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu sýning á grafíkverkum spænska listamannsins Francisco de Goya (1746–1828). Listamaðurinn er talinn meðal helstu snillinga listasögunnar og eru Kenjarnar eða Los Caprichos lykilverk á ferli hans. Sýningin var fyrst opnuð á Listasafni Akureyrar í maí síðastliðnum og var það í fyrsta sinn sem verk eftir Goya eru sýnd á Íslandi. Sýningin kemur frá hinu Konunglega svartlistasafni Spánar, Calcografía Nacional í Madrid, og var hún framlag Akureyrarbæjar til Listahátíðar í Reykjavík. Sýningin er í samstarfi við KB-banka.

Víkverji skrifar... | vikverji@mbi.is

Víkverji hefur einstaklega gaman af því að keyra. Jafnframt áhuga á öku-tækjum hefur Víkverji sérstakan áhuga á bættri umferð-armenningu. Þess vegna leggur Víkverji sig fram um að vera góður ökumaður. Reyndar heldur Víkverji því fram að í umferðinni sé heilbrigð skynsemi besta lausn-in, eins og á mörgum öðrum sviðum. Oftast reynir Víkverji að sitja á sér þegar hann er farþegi í bíl með bílstjóra sem ekki lætur skyn-semina ráða. Hér á Víkverji alls ekki við það að það fólk sem Víkverji situr í bíl með sé ekki ótal kostum búið. Þvert á móti er þetta upp til hópa indælis fólks. Einmitt þess vegna getur hann ómögulega skilið hvers vegna fólk, sem á öðrum sviðum hefur fulla skynsemi til að bera, getur ómögulega tamið sér það til dæmis að gefa stefnuljós. Víkverja þykir það svo sjálfsagður hlutur og svo einföld leið til að gæta öryggis í umferðinni að hann nennir ekki einu sinni að hugsa

Ást er...



... að ýta á eftir honum þegað með þarf.

út í það hvort hann á að gefa stefnuljós áður en hann tekur beygju. Gefur þau bara. Sama á við um þann einfalda hlut að stöðva bílinn við stöðvunarskyldu. Víkverja þykir það svo einfaldur hlutur að hann nennir ekki einu sinni að opna munninn til að ræða hann. Hann bara treystir því að stöðvunarskyldan sé sett upp á þeim stöðum sem þörf er á og stöðvar bílinn á þeim stöð-um án þess að íhuga það frekar. Enda þykir honum það ekki mikið mál að teffast um nokkrar sekúndur í þágu aukins öryggis í umferðinni. Einföldustu hlutir verða flóknir sé verið að hugsa of mikið um þá. Gefum bara stefnuljós og stöðvum þegar okkur er það skylt. Þannig gengur umferðin betur upp. Þetta ætti auðvitað ekki að vera neitt mál en oft hættir okkur til að mikla svona smáhluti fyrir okkur. Kannski hitti Nike fyrirtækið naglann á höfuðið þegar það kom fram með slagorðið „just do it“ eða „gerðu það bara“. Það á vel við þegar stefnuljós og stöðvunarskylda eru annars vegar.